

# Eftirlitsnefnd fasteignasala

Nr. 1/2020

Til fasteigna- og skipasala

Eingöngu sent með rafrænum hætti  
Einnig birt á heimasíðu eftirlitsnefndar, [www.enf.is](http://www.enf.is).

Reykjavík, 18. maí 2020

Ágæti fasteignasali.<sup>1</sup>

## 1. Tilkypping frá RSK. Leiðbeiningar frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu vegna Covid-19.

Ríkisskattstjóri hefur óskað eftir því að eftirlitsnefndin veki athygli fasteignasala á leiðbeiningum frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu um hættu á peningabætti á tímum Covid-19. Eru leiðbeiningar sendar öllum starfandi fasteignasölum.

Hvetur ríkisskattstjóri alla fasteignasala, sem eru tilkynningarskyldir aðilar, til að vera vakandi yfir þeim þáttum sem þar eru tilgreindir. Einnig hvetur ríkisskattstjóri tilkynningarskylda aðila til að vera sérstaklega vakandi fyrir:

- 1) Misnotkun á áreiðanleikakönnun af hálfu brotamanna þegar tímabundnar ástæður valda því að verkferlar eru veikari vegna fjarvinnu starfsmanna.
- 2) Aukinni misnotkun á rafrænni fjármálaþjónustu og færslum á sýndareignum (t.a.m. Bitcoin),
- 3) Misnotkun á fjárhagslegri aðstoð og greiðsluferfiðleikum lögaðila,
- 4) Misnotkun á innlendri og erlendri fjárhagsaðstoð og neyðarfjármögnun með sniðgöngu á hefðbundnum innkaupaferlum
- 5) Auknum tilraunum brotamanna að færa sig í viðskipti eða komast yfir lögaðila þar sem mikil notkun reiðufjár fer fram og lausafjárstaða er betri en ella
- 6) Auknum tilraunum brotamanna að gefa ranglega til kynna að um rafræna fjársöfnun góðgerðafélags sé að ræða.

## 2. Fjárvörsluyfirlýsing 2020. Rafræn skil.

Eftirlitsnefndin bendir á að eyðublað vegna fjárvörsluyfirlýsinga er nú aðgengilegt á heimasíðu nefndarinnar, [www.enf.is](http://www.enf.is). Eftirlitsnefndin hvetur alla starfandi fasteignasala til þess að skila umræddum yfirlýsingum rafrænt í gegnum netfangið: [enf@enf.is](mailto:enf@enf.is). Skila ber fyrir hinn 15. október n.k.

F. h. eftirlitsnefndar fasteignasala

  
Þórður Bogason form.

  
Kristín Olafsdóttir lrl.

<sup>1</sup> Umburðarbréfi þessu er beint bæði til fasteigna- og skipasala en til hagræðis er orðið fasteignasali notað.